

árs og á fisk, sem fer í tiltekna vinnslu. Bætur þessar skal miða við ákveðna upphæð á hvert kg af fiski, sem vinnslustöð tekur á móti.

Ríkisstjórnin getur ákveðið, að sérstakar bætur skuli greiddar bátum, togurum og vinnslustöðvum á hvert kg fisks, sem framleitt er frá 1. til 31. janúar 1959. Bætur þessar skulu svara til þeirrar hækkunar á rekstrarkostnaði báta, togara og vinnslustöðva, sem af því leiðir, að kaupgjald og skiptaverð á fiski til bátasjómannanna er í janúar mánuði 1959 miðað við kaupgreiðsluvísitölu 202, en ekki kaupgreiðsluvísitölu 175.

Ríkisstjórnin getur ákveðið, að útflutningssjóður greiði niður verð á beitu.

2. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Greiða skal framleiðsluráði landbúnaðarins bætur á fob-verð útfluttra landbúnaðarafurða, er séu jafnháar þeim bótum, sem greiddar eru í heild á útfluttar afurðir bátaflotans af þorskveiðum 1959 samkvæmt þessum lögum. Hagstofan skal reikna bæturnar og framleiðsluráð ráðstafa bótafénu til verðbóta á þær landbúnaðarafurðir, sem eru í verðlagsgrundvelli landbúnaðarvara og seldar eru á lægra verði erlendis en nemur söluverði þeirra innanlands. Ákvæði þessi taka til þeirra landbúnaðarafurða, sem framleiddar eru frá byrjun verðlagsársins 1958—1959.

3. gr.

11. gr. laganna orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að útflutningssjóður greiði váttryggingariðgjöld fiskibáta (sjóváttryggingu og bráðafúatryggingu). Skal greiða fullt ársiðgjald, ef úthaldstími bátsins á árinu er 9 mánuðir eða lengri. Sé úthaldstíminn skemmri, lækkar iðgjaldsgreiðslan hlutfallslega. Greiðslur váttryggingariðgjalda skulu aldrei nema hærri upphæð en svarar því nettó-iðgjaldi, sem bátseiganda ber að greiða, eftir að „ristorno“ hefur verið dregin frá brúttó-iðgjaldi.

Ríkisstjórnin getur sett nánari fyrirmæli um allt, er lýtur að framkvæmd 1.—10. gr. laga þessara, þar á meðal um sönnunargögn fyrir gjaldkræfum greiðslum úr útflutningssjóði, valdsvið sjóðstjórnar og endurskoðun reikninga sjóðsins. Í samráði við Seðlabankann, gjaldeyrisbankana og stjórn útflutningssjóðs getur ríkisstjórnin ákveðið, að greiðsla útflutningsbóta, er nemi 55% á fob-verðmæti útfluttra vara, fari fram í bönkum, þegar gjaldeyri fyrir vörunum er skilað, en útflutningssjóður greiði eftirstöðvar bótanna. Þá er ríkisstjórninni heimilt að ákveða, að bótum samkvæmt 3. gr. skuli skipt á milli útvegsmanna og vinnslustöðva, og einnig getur hún falið samtökum útvegsmanna og útflytjenda að annast ákveðna þætti í sambandi við framkvæmd laganna.

4. gr.

Hinar árlegu greiðslur útflutningssjóðs til ríkissjóðs, er um ræðir í 48. gr. laganna, skulu falla niður frá 1. janúar 1959.

5. gr.

49. gr. laganna orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að verja fé til niðurgreiðslu vöruverðs. Frá 1. janúar 1958 skal útflutningssjóður standa straum af slíkri niðurgreiðslu, en ríkissjóður endurgreiði útflutningssjóði slíkar niðurgreiðslur eftir því, sem fé er til þess veitt á fjárlögum hverju sinni.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þeim bótum til útflutningsatvinnuveganna, er ákveðnar voru með lögum nr. 33 29. maí 1958, um útflutningssjóð o. fl. var ætlað að tryggja hallalausan rekstur þessara atvinnuvega, jafnframt því, sem bætur til hinna ýmsu greina þeirra voru gerðar jafnari en áður hafði verið. Þegar upphæð bótanna var ákveðin, var tillit tekið til þeirrar hækkunar rekstrarkostnaðar, sem leiddi af hinu nýja yfirfærslugjaldi og þeirri 5%—7% hækkun grunnkaups, er lögin gerðu ráð fyrir. Það var hins vegar ljóst frá upphafi, að ef verulegar nýjar hækkunar yrðu á grunnkaupi eða á kaupgreiðsluvísitölu, mundi ný hækkun bóta til útflutningsatvinnuveganna verða óhjákvæmleg von bráðar.

Á vegum fyrrverandi ríkisstjórnar var í októbermánuði s. l. gerð athugun á því, hver áhrif þær hækkunar grunnkaups og kaupgreiðslu samkvæmt vísitölu, sem átt höfðu sér stað síðan lögin um útflutningssjóð voru sett, hefðu haft á rekstrarkostnað útflutningsatvinnuveganna. Þessar hækkunar kaupgjalds voru eins og kunnugt er 10.7% umfram það, sem útflutningssjóðslögin höfðu gert ráð fyrir, að því er verkamenn snerti, og 7.1% að því er flestar aðrar starfsgreinar snerti. Niðurstöður þessarar athugunar voru þær, að af völdum kauphækkanna væri rekstrarkostnaður útflutningsatvinnuveganna orðinn um 6% hærri en sá kostnaður, sem bætur útflutningssjóðslaganna voru miðaðar við, og til þess að jafna metin mundi þurfa nýja hækkun bóta að upphæð um 105 millj. kr. Þessar áætlanir voru miðaðar við kaupgreiðsluvísitölu 185 og byggðust enn fremur á þeirri forsendu, að skiptaverð á fiski til bátasjómannanna hækkaði ekki meir en kaupgjald verkamanna hafði hækkað, eftir að útflutningssjóðslögin höfðu verið sett.

Sú athugun, sem hér er framan getur, var almenns eðlis, og gat því ekki verið um að ræða nákvæmar niðurstöður um afkomu hinna einstöku greina útflutningsframleiðslunnar. Á hinn bóginn hafði nefnd manna, er starfaði á vegum útflutningssjóðs, unnið að því síðan á s. l. sumri, að kynna sér eins nákvæmlega og föng voru á afkomu hvernar greinar útflutningsframleiðslunnar um sig. Niðurstöður þessarar nefndar lágu ekki fyrir fyrr en í desember. Staðfestu þær í aðalatriðum niðurstöður hinnar fyrri athugunar, en bentu þó eindregið til þess, að vegna aukins framleiðslumagns og bættrar tækni, fyrst og fremst notkunar flökunarvéla, hefði framleiðslukostnaður á einingu af hraðfrystum fiski lækkað svo mjög, að stærri hraðfrystihúsin gætu að fullu borið þær kauphækkunar, sem átt hefðu sér stað, án frekari hækkunar bóta. Þetta gat hins vegar ekki átt við minni hraðfrystihúsin né heldur vinnslustöðvar saltfisks og skreiðar. Ekkert benti heldur til þess, að nein sú afkastaaukning hefði orðið í útgerð báta og togara, er gerði útgerðarfyrirtækjum þeirra mögulegt að taka á sig þá hækkun rekstrarkostnaðar, sem átt hafði sér stað. Um þessi atriði gat þó ekki fengizt full vissa, fyrr en samningar höfðu verið upp teknir við samtök framleiðenda og mögulegt reyndist að bera athuganir þær, er gerðar höfðu verið á vegum ríkisstjórnarinnar og útflutningssjóðs, saman við þær athuganir, er samtök framleiðenda höfðu látið gera. Þar við bættist svo að sjálfsögðu sú óvissa, er hlaut að ríkja um skiptaverð til bátasjómannanna, þar til samningar hefðu tekizt á milli þeirra og útvegsmanna.

Eitt fyrsta verk núverandi ríkisstjórnar var að skipa nefnd manna til samninga við framleiðendur útflutningsafurða, og hófust þær samningaviðræður annan dag jóla. Samkomulag við bátasjóðsmenn náðist í öllum aðalatriðum fyrir nýár, en samningum við fiskvinnslustöðvar var ekki lokið fyrr en um miðjan janúarmánuð. Nýr samningur um skiptaverð og kjör bátasjómannanna var undirskrifaður 3. janúar, en samþykki margra sjómannafélaga á þessum samningi drógst allengi fram eftir mánuðinum. Allir samningar við framleiðendur voru miðaðir við kaupgreiðsluvísitölu 185, og þurftu þeir því að endurskoðast með tilliti til þeirrar niðurfærslu kaupgreiðsluvísitölu í 175 stig, sem frumvarp það, sem ríkisstjórnin hefur þegar lagt fyrir Alþingi,

gerir ráð fyrir. Þessari endurskoðun var lokið hinn 19. þ. m. Það frumvarp, sem hér liggur fyrir, hefur að geyma þær tillögur um breytingar á lögum nr. 33 29. maí 1958 um útflutningssjóð o. fl., sem leiða af því samkomulagi við framleiðendur útflutningsafurða, sem að framan greinir, og þeim samningum, sem gerðir hafa verið á milli bátasjómannanna og útvegsmanna.

Niðurstöður samninganna eru í aðalatriðum í samræmi við þær athuganir, sem áður höfðu farið fram á vegum ríkisstjórnarinnar og útflutningssjóðs og skýrt hefur verið frá hér að framan. Þannig fékkst á því staðfesting í samningunum, að hin stærri hraðfrystihús gætu borið þær kauphækkunir, er átt höfðu sér stað, en að þetta gildi ekki um minni húsin né um vinnslustöðvar saltfisks og skreiðar. Á hinn bóginn reyndist hækkunin á rekstrarkostnaði báta nokkru meiri en áður hafði verið áætlað. Það, sem mestu munaði, var þó, að skiptaverð og hlunnindi bátasjómannanna hækkuðu miklu meira samkvæmt hinum nýja kjarasamningi en búizt hefði verið við. Hækkun skiptaverðs reyndist 13% (úr 1.55 kr. í 1.75 kr), og við það bættist hækkun dánarbóta og dagpeninga vegna veikinda, er jafngildi um 1% hækkun skiptaverðs. Samtals var því hækkunin um 14%, en það svarar til um það bil 16.5% hækkunar meðalhuts á bátum í Faxaflóa. Hækkun verkamannakaups, sem allar fyrri áætlanir voru miðaðar við, hafði hins vegar ekki verið meiri en 10.7%, og hækkun skiptaverðs, sem til þeirrar hækkunar svaraði 9%, ef miðað er við hlutaskipti þau, sem í gildi eru við Faxaflóa.

Af þessum ástæðum reyndist nauðsynleg aukning bóta til útflutningsframleiðslunnar verulegum mun hærri en áður hafði verið áætlað, eða 147 millj. kr., þegar miðað er við kaupgreiðsluvísitöluna 185. Ef vísitalan verður færð niður í 175 stig, lækkar þessi upphæð hins vegar um 81 millj. kr. eða í 66 millj. kr. Við þá upphæð verður svo að bæta þeim sérstöku bótum, sem greiða verður framleiðendum vegna þess, að kaup greiðist í janúarmánuði eftir vísitölu 202, iðgjöldum fyrir bráðafúatryggingu báta á árinu 1958, og hækkun bóta á síld, sem veidd er á tímabilinu 1. janúar til 15. maí, upp í þær bætur, sem greiddar eru á annan fisk á sama tímabili. Síðast nefnda hækkunin, sem er heimil samkvæmt núgildandi lögum um útflutningssjóð, kom til framkvæmda þegar á s. l. hausti að því er snertir saltsíld, en á nú einnig á tímabilinu 1. janúar til 15. maí að taka til frystrar síldar samkvæmt samkomulaginu við útvegsmenn. Enn fremur er gert ráð fyrir, að þessi hækkun gildi um brædda síld, en það er í samræmi við ákvæði þau, sem í gildi voru á vertíð 1958. Samtals nema þessir viðbótarliðir, sem að síldarbótunum undanteknum eru þess eðlis, að þeir greiðast aðeins í eitt skipti, um 11 millj. kr. Þannig er sú heildarhækkun bóta, er hinir nýju samningar gera ráð fyrir, um 77 millj. kr. Allar eru þessar áætlanir um hækkun bóta miðaðar við sama aflamagn og á árinu 1958.

Einn er sá liður í þessum áætlunum, sem ekki styðst við það samkomulag, sem gert hefur verið við framleiðendur, og er þar því um hreina ágizkun að ræða. Þessi liður er hækkun bóta til sumar- og haustsíldveiða. Um rekstrargrundvöll þessara veiða hefur enn ekkert samkomulag verið gert, en bótahækkun vegna þeirra hefur hér verið áætluð hlutfallslega hin sama og hækkun bóta til báta á þorskveiðum.

Lækkun rekstrarkostnaðar, sem leiða mundi af niðurfærslu kaupgreiðsluvísitölu í 175 stig, gerir vinnslustöðvunum kleift að hækka fiskverðið. Þessi hækkun fiskverðs, sem gengur til báta og togara, er áætluð 7 aurar á kg fyrir þorsk, miðað við slægðan fisk með haus. Vegna þessarar hækkunar fiskverðs og greiðslu á tryggingariðgjöldum bátanna reynist það kleift að halda óbreyttum hinum almennu útflutningsbótum, sem greiddar eru á allan báta- og togarafisk (80%).

Til þess að rétta við hag hinna smærri hraðfrystihúsa og saltfisk- og skreiðarframleiðenda, verður hins vegar að auka þær sérþætur, sem nú eru greiddar á smáfisk af bátum, á alla ýsu, steinbít og flatfisk og á bátafisk, sem veiddur er eftir 14. maí, og bæta við nýjum sérþótum á saltfisk og skreið og á togarafisk, sem veiddur er í salt eftir 14. maí. Hinar þrjár fyrst nefndu tegundir sérþóta eru allar heimilar

samkvæmt nógildandi lögum, og er í þessu frv. lagt til, að hinar tvær síðast nefndu verði einnig heimilaðar. Hér fer á eftir yfirlit yfir hina fyrirhuguðu hækkun þeirra sérbóta, sem nú eru í gildi, og yfir þær nýju sérbætur, sem lagt er til, að teknar verði upp:

S é r b æ t u r			
	Aurar á kg. af sl. f. m. h. Nógildandi	Fyrirhugað	Áætluð upphæð hækkunar millj. kr.
Smáfiskbætur	34	40	2.6
Tegundarbætur	33	45	2.6
Sumarbætur á bátafisk	12	24	5.0
Nýjar sérbætur á salfisk og skreið	-	7	8.4
Nýjar sérbætur á togarafisk, veiddan í salt eftir 14. maí	-	12	1.9
		<hr/>	
		Alls	20.5

Ríkisstjórninni er það ljóst, að ýmsir annmarkar eru á þeim hækkunum sérbóta, sem hér er ráð fyrir gert, og að þær brjóta að nokkru leyti í bága við þá stefnu, er tekin var upp með hinum nýju lögum um útflutningssjóð á s. l. vori, að hafa bætur til hinna ýmsu greina útflutningsframleiðslunnar sem jafnastar. Á hinn bóginn hefur það nú skeð, að aðstöðumunur á milli tegunda vinnslustöðva hefur stórum aukizt vegna aukins framleiðslumagns og bættrar tækni hinna stóru hraðfrystihúsa. Óhjákvæmilegt er að tryggja rekstur þeirra framleiðslugreina, sem verr eru settar, vegna þýðingar þeirra bæði fyrir þjóðarbúskapinn í heild og fyrir atvinnulífið í vissum hlutum landsins. Ef þetta ætti að gerast með almennri hækkun bóta, mundi það krefjast miklu hærri upphæðar en ella væri hægt að komast af með og jafnframt skapa óeðlilegan gróða hjá þeim framleiðslugreinum, sem betur eru settar. Er þá sá kosturinn betri að freista þess að koma hinum verr settu framleiðslugreinum til hjálpar með sérstökum aðgerðum. Í þessu frv. er gert ráð fyrir, að það verði gert með hækkun sérbóta og nýjum sérbótum. Ríkisstjórnin telur greiðslu slíkra sérbóta að vísu ekki æskilega skipan til frambúðar og að unnt sé að taka upp annað kerfi, sem tryggði sama árangur, en væri í senn hentugra og ódýrara. Slíku fyrirkomulagi verður hins vegar ekki komið á nema að undangengnum miklum undirbúningi.

Þeir erfiðleikar, sem saltfisk- og skreiðarframleiðslan á við að etja, stafa að verulegu leyti af því, að afurðir þessara framleiðslugreina eru aðeins að litlu leyti fluttar til jafnkeypislanda, en í þeim löndum er yfirleitt greitt hærra verð fyrir vörurnar en annars staðar. Á hinn bóginn er það þýðingarmikið að halda uppi útflutningi til frjáls-gjaldeyrislanda, en þaðan kemur mikill hluti af nauðsynjum útflutningsframleiðslunnar og margar aðrar brýnustu nauðsynjar þjóðarinnar. Líkur eru til þess, að framleiðsla saltfisks og skreiðar mundi stórlega minnka, ef engar sérstakar ráðstafanir væru gerðar. Mundi þetta leiða til þess hvors tveggja, að meiri skortur yrði á frjálsum gjaldeyri og að tapazt gætu góðir markaðir, sem erfitt gæti reynzt að vinna aftur.

Í samningum þeim, sem gerðir voru á milli bátasjómannna og útvegsmanna, er ráð fyrir því gert, að skiptaverð hækki og lækki með breytingum á kaupgreiðsluvísitölu. Í framhaldi af þessu varð í samningum ríkisstjórnarinnar við útvegsmenn að gera ráð fyrir, að þeir gætu fengið bætta þá hækkun rekstrarkostnaðar, er af slíkum kaupbreytingum og breytingum á grunnkaupi leiddi. Óhjákvæmilegt var og, að vinnslustöðvar gætu fengið samkomulagsgrundvöllinn endurskoðaðan vegna slíkra hækkana á kaupi. Er þetta í raun og veru afleiðing þess, að bætur til útflutningsframleiðslunnar eru ekki áætlaðar hærri en svo, að henni verður ekki ætlað að bera hækkunar á jafnmikilvægum kostnaðarlið og kaupgjaldið er, nema þá jafnframt eigi sér stað veruleg aukning á afköstum. Ekki er lagt til, að heimild sé tekin í lög til þess

að auka bætur til útflutningsins, þegar svo stendur á, sem að framan greinir. Sú endurskoðun á samkomulagsgrundvellingnum, sem um er að ræða, gæti orðið umfangsmikil og tekjuöflunarráðstafanir þar að auki óhjákvæmilegar. Af þessum ástæðum mundi varla undir neinum kringumstæðum verða sneitt hjá nýrri lagasetningu hvort eð væri.

Fjárhagsafkoma útflutningssjóðs hefur reynzt tiltölulega góð á árinu 1958. Er þetta að sjálfsögðu afleiðing þeirrar hækkunar yfirfærslu- og innflutningsgjalda, er framkvæmd var á því ári. Samkvæmt bráðabirgðaniðurstöðum hefur hagur sjóðsins breytt úr 34 millj. kr. skuld í árslok 1957 í 5 millj. kr. sjóðseign í árslok 1958. Þess ber þó að gæta, að afkoman er betri en ella mundi, vegna þess, að sjóðurinn hefur fengið tekjur af hinum nýju gjöldum síðan 1. júní 1958, en hafði um áramót enn greitt tiltölulega lítið af bótum samkvæmt hinu nýja kerfi. Þrátt fyrir þetta eru líkur fyrir því, að sjóðurinn hefði getað orðið hallalaus á árinu 1959, ef engin ný hækkun bóta eða niðurgreiðslna hefði komið til, og aðstæður hefðu orðið svipaðar og á síðasta ári. Verulegar birgðir útflutningsvöru um áramótin, vænlegar horfur um aflabrogð, ásamt aukningu skipastóls og annarra framleiðslutækja sjávarútvegsins, munu stuðla að auknum útflutningi. Líkur virðast einnig til þess, að notkun erlends lánsfjár verði ekki öllu minni á árinu 1959 en hún var 1958.

Það er hins vegar ljóst, að útflutningssjóður mun ekki hafa bolmagn til þess að standa undir þeim nýju útgjöldum, er leiða af samningunum við framleiðendur útflutningsafurða og þeim auknu niðurgreiðslum, er hafnar voru um s. l. áramót, nema hann fái aukið fé í hendur. Þessa fjárþörf má áætla um 150 millj. kr. (77 millj. kr. vegna aukinna útgjalda til útflutningsins og 75 millj. kr. vegna aukinna niðurgreiðslna). Ríkisstjórnin telur, að eftir þær verðlagshækkunar, er urðu á s. l. ári af völdum laganna um útflutningssjóð o. fl., megi ekki á nýjan leik hækka yfirfærslu- og innflutningsgjöld. Það, sem mestu máli skiptir nú, er að stöðva hina öru verðbólguþróun, er leitt hefur af vixlhækkunum verðlags og kaupgjalds. Það getur ekki tekizt, ef nýjum verðhækkunum er nú hrundið af stað. Þess vegna hefur ríkisstjórnin lagt til, að kauplag og verðlag sé fært niður á þann hátt, er frumvarpið um það efni, sem þegar hefur verið lagt fram, gerir ráð fyrir. Þessi niðurfærsla mun stórlega draga úr þeirri aukningu útgjalda, er útflutningssjóður hefði annars orðið að taka á sig. Hún mun hins vegar ekki leysa vandann að fullu. Enn mun sjóðinn skorta um 150 millj. kr. til þess að afkoma hans sé sæmilega tryggð á árinu 1959. Ríkisstjórnin telur, að þennan vanda verði að leysa í sambandi við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1959, og telur það unnt, fyrst og fremst með lækkun útgjalda, raunhæfari áætlun tekna en nú er í fjárlagafrumvarpinu, og notkun tekjuafgangs frá árinu 1958. Mun ríkisstjórnin gera grein fyrir tillögum sínum í þeim efnum, þegar fjárlögin verða afgreidd.

Hér fer á eftir sundurliðun á hinni áætluðu útgjaldaaukningu útflutningssjóðs vegna útflutningsatvinnuveganna:

Sjóvátryggingariðgjöld báta	25.0	millj.	kr.
Bráðafúatryggingariðgjöld báta fyrir árið 1959 ..	7.3	—	—
Bráðafúatryggingariðgjöld báta fyrir árið 1958 ..	4.0	—	—
Sérbætur til vinnslustöðva	20.5	—	—
Niðurgreiðsla á beitu	1.2	—	—
Bætur til báta, togara og vinnslustöðva vegna kaupgreiðsluvisitölu 202 í janúar	6.8	—	—
Hækkun bóta á sild, sem veidd er á tímabilinu 1. janúar til 15. maí	0.7	—	—
Hækkun bóta á sumar- og haustsild umfram greiðslu trygginga fyrir bátana (áætlað)	5.5	—	—
Hækkun bóta á útfluttar landbúnaðarafurðir	6.5	—	—

Samtals 77.5 millj. kr.

Hér fara á eftir skýringar við einstakar gr. frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samkvæmt 6. gr. laganna um útflutningssjóð o. fl. getur ríkisstjórnin ákveðið, að útflutningssjóður greiði vinnslustöðvum sérstakar bætur á smáfisk, á tiltekna fisktegundir og á fisk veiddan á vissum tímum árs. Frumvarp þetta gerir ráð fyrir, að einnig verði heimilt að greiða sérstakar bætur á fisk, er fari í tiltekna vinnslu. Ætlunin er, að þessi heimild verði notuð til greiðslu sérstakra bóta á fisk, sem unninn er sem saltfiskur og skreið. Hér er í rauninni ekki um nýjung að ræða, þar sem útflutningssjóður greiddi á s. l. ári sérstakar bætur á saltfisk og skreið, sem tekin var til verkunar fyrir 15. maí 1958, og sömuleiðis á saltfisk, sem verkaður var til sölu í Jamaica. Nú er hins vegar gert ráð fyrir, að sérstakar bætur verði greiddar á allan fisk, sem unninn er sem saltfiskur og skreið, og að heimild til þeirra greiðslna verði tekin í lög.

Þá er gert ráð fyrir, að útflutningssjóði verði veitt heimild til að greiða bátum, togurum og vinnslustöðvum sérstakar bætur á fisk, sem framléiddur er í janúarmánuði 1959. Slíkar greiðslur verða óhjákvæmilegar vegna þess, að ákvörðun bóta til sjávarútvegsins fyrir allt árið 1959 er miðuð við kaupgreiðsluvísitölu 175. Verður þar af leiðandi að bæta sérstaklega þann mismun í rekstrarkostnaði, er stafar af því, að hærri kaupgreiðsluvísitala (202) hefur verið gildandi í janúarmánuði.

Loks bætist nú við 6. gr. heimild til að greiða niður verð á beitu. Þegar samið var um starfsgrundvöll fyrir útgerðina á vetrarvertíð 1957, var ákveðið, að verð á beitu skyldi lækka um 20 auru á kg frá því, sem beitunefnd hafði ákveðið, og tóku frystihúsin á sig þessa verðlækkun. Þar sem starfsgrundvöllur bátaútvegsins er miðaður við línubát, hefði það getað leitt til verulegrar hækkunar á bótum til bátanna, ef þessi verðlækkun á beitu hefði nú fallið niður. Hins vegar töldu frystihúsin sér ekki lengur fært að greiða þessa lækkun, og er því lagt til, að ríkisstjórnin geti ákveðið, að útflutningssjóður greiði niður verð á beitu.

Um 2. gr.

Samkvæmt þessari grein haldast þær reglur óbreyttar, sem í gildi hafa verið um bætur á útfluttar landbúnaðarafurðir. Það er hins vegar tekið fram, að bætur á landbúnaðarafurðir, sem framléiddar eru frá byrjun verðlagsársins 1958—1959 (þ. e. frá 1. september 1958) skuli greiddast samkvæmt þeim bótum, sem greiddar verða á afurðir bátaflotans af þorskveiðum 1959. Þetta ákvæði er í samræmi við framkvæmd bótagreiðslna á landbúnaðarafurðir á undanförunum árum.

Um 3. gr.

Í þessari grein felast tvær nýjungar. Í fyrsta lagi er ríkisstjórninni heimilað að ákveða, að útflutningssjóður greiði váttryggingariðgjöld fiskibáta (sjónváttryggingu og bráðafúatryggingu). Í núgildandi lögum er heimild í 18. gr. til að greiða sjónváttryggingu, en sú heimild er takmörkuð við árið 1958. Með þeirri breytingu, sem hér er lögð til, verður heimildin án tímatakmarks. Enn fremur bætist við heimild til að greiða iðgjöld vegna bráðafúatryggingar, en slík trygging hefur verið í gildi síðan 1. maí s. l. Hér er ekki um að ræða aukningu á hlunnindum báta frá því, sem áður hefur verið, heldur um annað fyrirkomulag á bótagreiðslum til báta en löggin um útflutningssjóð upphaflega gerðu ráð fyrir. Samkvæmt þeim lögum var til þess ætlazt, að greiðslur váttryggingariðgjalda til báta féllu niður, og var sú upphæð, er samsvaraði þeim greiðslum, felld inn í þær 80% almennu bætur, er greiddar eru á bátafisk samkvæmt 3. gr. laganna. Þó heimilaði 18. gr., að síðari hluta árs 1958 skyldu váttryggingariðgjöldin greidd umfram það, sem bátunum bar í almennum bótum. Þessar tímabundnu umframgreiðslur falla nú niður, eins og ráð hafði verið fyrir gert. Hins vegar hefur Landssamband íslenskra útvegsmanna

lagt á það mikla áherzlu, að útflutningssjóður haldi áfram að greiða váttryggingariðgjöldin, enda þótt það jafngildi því, að þær almennu bætur á útflutningsverðmæti, sem greiddar eru á bátafisk, og þar með einnig á togarafisk, verði að sama skapi lægri. Ríkisstjórnin telur rétt að verða við óskum útvegsmanna um þetta fyrirkomulagsatriði, og það því fremur, sem það gerir mögulegt að halda hinum almennu bótum á útflutningsverðmæti óbreyttum frá því, sem verið hefur.

Þá er í öðru lagi ráð fyrir því gert, að í samráði við Seðlabankann, gjaldeyrisbankana og stjórn útflutningssjóðs geti ríkisstjórnin ákveðið, að bankar greiði 55% bætur á fob-verðmæti útfluttra vara við gjaldeyrisiskil, eða þá upphæð, er jafngildir hinum almennu yfirfærslubótum samkvæmt 22. gr. laganna. Eftirstöðvar útflutningsbótanna mundi útflutningssjóður greiða. Slík breyting á fyrirkomulagi bótagreiðslna og hér um ræðir hefur um nokkurt skeið verið til athugunar, og er það eindregin ósk útflytjenda, að hún verði gerð.

Um 4. gr.

Samkvæmt lögum nr. 86 1956, um útflutningssjóð o. fl., greiddi útflutningssjóður ríkissjóði 20% af tekjum sínum. Um leið og niðurgreiðslur voru fluttar yfir á útflutningssjóð með hinum nýju lögum um útflutningssjóð nr. 33 1958, voru þessar greiðslur lækkaðar ofan í 20 millj. kr. á ári. Þar sem útgjöld útflutningssjóðs vegna niðurgreiðslna munu nú aukast verulega, þykir rétt að fella þessar greiðslur niður með öllu frá 1. janúar 1959 (sbr. skýringar við 5. gr.).

Um 5. gr.

Auknar niðurgreiðslur frá 1. janúar 1959 munu auka útgjöld útflutningssjóðs vegna niðurgreiðslna um 75 millj. kr. Ekki er hægt að gera ráð fyrir, að útflutningssjóður geti staðið undir þessum niðurgreiðslum nema aðstoð frá ríkissjóði komi til. Er því lagt til, að ríkissjóði verði heimilað að endurgreiða útflutningssjóði niðurgreiðslur eftir því, sem fé er til þess veitt á fjárlögum.